



Þekkingarnet
Þingeyinga

MANNFJÖLDAÞRÓUN Í ÞINGEYJARSÝSLUM

2010-2019



Desember 2019

Desember 2019

Þekkingarnet Þingeyinga

Forsíðumyndir (frá vinstri):

Lambaferð í Grobbholt: Grænuvellir (Birt með leyfi foreldris)

Northquake 2019: Óli Halldórsson

Gassi gengur menntavegin: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Opið hús á 15 ára afmæli Þekkinagnets og Náttúrustofu: Helena Eydís Ingólfssdóttir

Ábyrgð/ritstjórn:

Óli Halldórsson

Framkvæmd:

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Helena Eydís Ingólfssdóttir og Selmdís Þráinsdóttir.

ISBN 978-9935-405-50-0

EFNISYFIRLIT

<i>Inngangur</i> -----	1
<i>Sveitarfélög</i> -----	2
Langanesbyggð -----	2
Svalbarðshreppur -----	5
Norðurþing -----	8
Tjörneshreppur -----	11
Þingeyjarsveit -----	14
Skútustaðahreppur -----	17
<i>Svæði Þekkingarnets Þingeyinga í heild</i> -----	20
Byggðakjarnar -----	23
Bakkafjörður-----	23
Þórshöfn-----	23
Raufarhöfn-----	24
Kópasker-----	24
Húsavík-----	25
Laugar-----	25
Reykjahlíð-----	26
Þéttbýliskjarnar og dreifbýli -----	27
685 og 686 Bakkafjörður-----	27
680 og 681 Þórshöfn-----	27
675 og 676 Raufarhöfn-----	28
670 og 671 Kópasker-----	28
640 og 641 Húsavík-----	29
650 Laugar og 645 Fosshóll-----	29
660 Mývatnssveit-----	30
Svæðið allt eftir póstnúmerum-----	30
Börn 0-18 ára -----	31
<i>Helstu niðurstöður</i> -----	34
<i>Heimildir</i> -----	37

INNGANGUR

Starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga tekur árlega saman tölur um mannfjöldaþróun í Þingeyjarsýslum. Þetta er gert til að fylgjast með byggðaðróun og hvernig sá mannfjöldi sem þar býr skiptist niður á svæði, aldur og kyn. Tölur og útreikningar byggja á talnaefni frá Hagstofu Íslands og er miðað við þann mannfjölda sem mældur er 1. janúar ár hvert. Svæðið sem Þekkingarnetið sinnir er víðfeðmt, nær frá austanverðri Vaðlaheiði til Bakkafjarðar og er alls um 18 þúsund ferkílómetrar. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en nokkrir minni byggðakjarnar eru á svæðinu öllu og sveitir. Tölur um byggðakjarna eru byggðar á efni sem nær aftur til ársins 2011 en þá breytti Hagstofan líttillega mörkum fyrir þá.


Samantektin í ár er með aðeins breyttu sniði þar sem um er að ræða 10 ára samantekt. Hér er líka sérstaklega skoðað hvernig mannfjöldaþróunin er í yngstu aldurshópnum, þ.e. bæði fjöldi og hlutfall af íbúafjölda fyrir hvert sveitarfélag og svæðið í heild.

Eldri tölur má nálgast í skýrslum Þekkingarnetsins á www.hac.is eða á vefsíðu Hagstofunnar www.hagstofa.is.


Niðurstöðurnar eru settar fram myndrænt og leitast við að hafa framsetningu skýra og einfalda.

SVEITARFÉLÖG


LANGANESBYGGÐ




Mynd 1. Íbúafjöldi í Langanesbyggð árin 2010–2019.



Mynd 2. Kynjaskipting í Langanesbyggð árin 2010–2019.




Mynd 3. Aldursdreifing í Langanesbyggð árin 2015 og 2019.




Mynd 4. Meðalaldur íbúa í Langesbyggð í samanburði við landsmeðaltal.

Á tímabilinu 2014 til 2018 fækkaði íbúum í Langesbyggð jafnt og þétt. Þróunin varð önnur þetta árið því nú fjölgaði íbúum í sveitarfélaginu um 20 eða tæp 5% á milli árána 2018 og 2019. Þetta er mesta fjölgun íbúa á svæðinu á þeim tíu árum sem tekin eru fyrir í skýrslunni. Hlutfallsleg fjölgun kvenna var meiri en karla en konum fjölgaði um 6,07% á milli ára og eru nú 44,05% íbúa í Langesbyggð. Körlum fjölgaði aftur á móti um 3,75% og eru 54,96% íbúa á svæðinu. Meðalaldur íbúa var 39 ár sem er það sama og árið áður og einu ári yfir landsmeðaltali. Þegar aldursdreifing var borin saman árin 2015 og 2019 kom í ljós að línuleg leitni karla var nær óbreytt á meðan ungum konum virtist fækka töluvert á milli ára. Stúlkum á aldrinum 0-4 ára fækkaði mest. Þá var einnig töluverð fækkun meðal íbúa á aldrinum 15-19 ára og konum annars vegar á aldrinum 45-49 ára og hins vegar 55-59 ára.


SVALBARÐSHREPPUR




Mynd 5. Íbúafjöldi í Svalbarðshreppi árin 2010–2019.



Mynd 6. Kynjaskipting íbúa í Svalbarðshreppi árin 2010–2019.




Mynd 7. Aldursdreifing í Svalbarðshreppi árin 2015 og 2019.




Mynd 8. Meðalaldur íbúa í Svalbarðshreppi í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Svalbarðshreppi fækkaði um einn frá árinu áður og eru nú 91 talsins. Þar af eru 48 karlar og 43 konur, en konum fjölgaði um tvær á milli ára á meðan körlum fækkaði um þrjá. Meðalaldur íbúa hélst óbreyttur frá 2017-2018 en hækkaði um eitt ár á milli 2018 og 2019 og er nú 41 ár sem er hæsti meðalaldur í Svalbarðshreppi síðastliðin tíu ár. Aldursdreifing er nokkuð ójöfn og erfitt er að álykta um hana með svo fáa íbúa.


NORÐURÞING




Mynd 9. Íbúafjöldi í Norðurþingi árin 2010–2019.



Mynd 10. Kynjaskipting í Norðurþingi árin 2010–2019.




Mynd 11. Aldursdreifing í Norðurþingi árin 2015 og 2019.




Mynd 12. Meðalaldur í Norðurþingi í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Norðurþingi fækkaði um 192 eða tæp 6% á milli ára en þetta er mesta fækkun sem hefur sést á undanfórnum tíu árum. Ástæður hennar má ef til vill rekja til þess að framkvæmdum er lokið á Bakka og í kjölfarið hafa margir iðnaðarmenn flutt úr sveitarfélaginu. Hlutfall kvenna og karla var sambærilegt frá árinu 2010 til ársins 2016 en eftir það fjölgaði karlmönnum töluvert til ársins 2018 á meðan fjöldi kvenna hélst nær óbreyttur. Á síðastliðnu ári fjölgaði konum um níu á meðan körlum fækkaði um 201. Meðalaldur hélst óbreyttur og hefur nú verið 41 ár frá árinu 2016. Línuleg leitin bendir til að körlum fjölgi helst í yngri aldurshópum en konum í þeim eldri. Þegar litið var á aldursdreifingu kom í ljós að aldursdreifing kvenna var sambærileg árið 2015 og 2019 en töluverðar breytingar urðu á aldursdreifingu karla. Íbúum á aldrinum 25-29 fjölgaði mest bæði hjá körlum og konum, einnig var töluverð fjölgun hjá karlmönnum á aldrinum 35-39 ára og 60-64 ára.


TJÖRNESHREPPUR




Mynd 13. Íbúafjöldi í Tjörneshreppi árin 2010–2019.



Mynd 14. Kynjaskipting íbúa í Tjörneshreppi árin 2010–2019.




Mynd 15. Aldursdreifing í Tjörneshreppi árin 2015 og 2019.




Mynd 16. Meðalaldur í Tjörneshreppi í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Tjörneshreppi fækkaði um þrjú frá árinu 2018 og eru nú 55 talsins. Tjörneshreppur er annað af tveimur sveitarfélögum á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga þar sem konur eru í meirihluta íbúa. Meðalaldur er nokkuð yfir landsmeðaltali en hann hækkaði um tvö ár og er nú 58 ár eða 20 árum yfir landsmeðaltali. Meðalaldur er hvergi hærri á svæðinu en í Tjörneshreppi. Aldursdreifing var mjög ójöfn og erfitt er að draga ályktanir út frá henni vegna fámennis í sveitarfélaginu.


ÞINGEYJARSVEIT




Mynd 17. Íbúafjöldi í Þingeyjarsveit árin 2010–2019.



Mynd 18. Kynjaskipting í Þingeyjarsveit árin 2010–2019.




Mynd 19. Aldursdreifing í Pingeyjarsveit árin 2015 og 2019.




Mynd 20. Meðalaldur íbúa í Þingeyjarsveit í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Þingeyjarsveit fækkaði um 68 milli ára eða 7,07% og hafa ekki verið færri síðastliðin tíu ár. Á meðan karlmönnum fækkaði um 73 fjölgaði konum um 11 og þar af leiðandi var kynjahlutfallið jafnara en árið áður. Fækkun íbúa má að hluta til rekja til þess að dregið hefur úr framkvæmdum á Þeistareykjum og fjöldi starfsmanna sem hafði lögheimili í sveitarfélaginu á meðan á þeim stóð hefur því flutt aðsetur sitt annað. Fjölgun kvenna undanfarin tvö ár gefur vísbendingu um að íbúum svæðisins gæti tekið að fjölga á ný en áhugavert verður að fylgjast með þróun mannfjölda í sveitarfélaginu á næstu árum. Meðalaldur hélst óbreyttur og var 43 ár rétt eins og síðastliðin þrjú ár og ef litið er á aldursdreifingu virðist hún vera sambærileg árið 2015 og 2019 óháð kyni.


SKÚTUSTAÐAHREPPUR




Mynd 21. Íbúafjöldi íbúa í Skútustaðahreppi árin 2010–2019.



Mynd 22. Kynjaskipting í Skútustaðahreppi árin 2010–2019.




Mynd 23. Aldursdreifing í Skútustaðahreppi árin 2015 og 2019.




Mynd 24. Meðalaldur íbúa í Skútustaðahreppi í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Skútustaðahreppi fjölgaði um níu á árinu en þeim hefur fjölgað jafnt og þétt frá árinu 2014. Kynjaskipting var mjög jöfn en karlmenn voru 250 talsins og konur 252 sem gerir Skútustaðahrepp annað af tveimur sveitarfélögum á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga með konur í meirihluta íbúa. Sveitarfélagið er jafnframt það sveitarfélag þar sem meðalaldur er lægstur en hann var einu ári undir landsmeðaltali eða 37 ár og hefur lækkað jafnt og þétt frá árinu 2014 en þá var hann 42 ár. Þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar í samanburði við aldursdreifingu í sveitarfélaginu kemur í ljós að fjölgun íbúa er mest meðal þeirra sem eru 20-34 ára.


SVÆÐI ÞEKKINGARNETS ÞINGEYINGA Í HEILD




Mynd 25. Heildarmannfjöldi á svæði Þekkingarnets Þingeyinga árin 2010-2019.



Mynd 26. Kynjaskipting íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins á árunum 2010-2019.



Mynd 27. Samantekt á aldursdreifingu á öllu svæðinu árin 2015 og 2019.




Mynd 28. Meðalaldur íbúa í Þingeyjarsýslu í samanburði við landsmeðaltal.

Þegar svæðið var skoðað í heild sinni kom í ljós að íbúum fækkaði um 232 eða 4,36% á milli ára. Þrátt fyrir fækkun er þetta næst mesti íbúafjöldi á svæðinu frá árinu 2010. Konum fjölgaði á meðan karlmönnum fækkaði og hlutfall kvenna var 46,7% á móti 53,2% hjá körlum. Hlutfall karla lækkaði úr 56,1% frá fyrra ári en er þó enn yfir landsmeðaltali sem er 51,2%. Meðalaldur var 41 ár og lækkaði um tvö ár á milli ára en hann hefur verið 43 ár og því þremur árum yfir landsmeðaltali allt frá árinu 2016. Þegar aldursdreifingin var skoðuð kom í ljós að karlmenn á aldrinum 20-39 ára voru töluvert fleiri árið 2015 en 2019 á meðan fjölgun var mest meðal kvenna á aldrinum 20-29 ára. Töluverð fækkun var meðal ungs fólks á aldrinum 15-19 ára bæði hjá körlum og konum og meðal kvenna á aldrinum 45-49 ára.


BYGGÐAKJARNAR

Bakkafjörður




Mynd 29. Íbúafjöldi í Bakkafirði árin 2010–2019.

Þórshöfn




Mynd 30. Mannfjöldi á Þórshöfn árin 2010–2019.

Raufarhöfn




Mynd 31. Mannfjöldi á Raufarhöfn árin 2010–2019.

Kópasker




Mynd 32. Mannfjöldi á Kópaskeri árin 2010–2019.

Húsavík




Mynd 33. Mannfjöldi á Húsavík árin 2010–2019.

Laugar




Mynd 34. Mannfjöldi á Laugum árin 2010–2019.

Reykjahlíð




Mynd 35. Mannföldi í Reykjavíki árin 2010–2019.

ÞÉTTBÝLISKJARNAR OG DREIFBÝLI 685 og 686 Bakkafjörður




Mynd 36. Mannfjöldi í póstnúmerunum 685 og 686 Bakkafjörður.

680 og 681 Þórshöfn




Mynd 37. Mannfjöldi í póstnúmerunum 680 og 681 Þórshöfn.

675 og 676 Raufarhöfn




Mynd 38. Mannfjöldi í pósthúsnúmerunum 675 og 676 Raufarhöfn.

670 og 671 Kópasker




Mynd 39. Mannfjöldi í pósthúsnúmerunum 670 og 671 Kópasker.

640 og 641 Húsavík




Mynd 40. Mannfjöldi í póstnúmerunum 640 og 641 Húsavík.

650 Laugar og 645 Fosshóll




Mynd 41. Mannfjöldi í póstnúmerunum 645 Fosshóll og 650 Laugar.

660 Mývatnssveit




Mynd 42. Mannfjöldi í pósthúmerinu 660 Mývatnssveit (Reykjahlíð og nærsveitir).

Svæðið allt eftir pósthúmerum




Mynd 43. Mannfjöldi á svæðinu öllu eftir pósthúmerum.


BÖRN 0-18 ÁRA



Mynd 44. Fjöldi barna í sveitarfélögum á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga frá 2010–2019.



Mynd 45. Fjöldi barna í hverju sveitarfélagi á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga frá 2010–2019.



Mynd 46. Fjöldi barna eftir skólastigum á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga frá 2010-2019.

Tafla 1. Fjöldi barna á aldrinum 0-18 ára eftir sveitarfélögum.

Sveitafélag		Ártal									
		2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Norðurþing	Breyting á milli ára (%)	6%	-6%	-2%	3%	-3%	0%	4%	-4%	1%	1%
	Fjöldi (n)	757	725	708	685	649	647	621	601	607	600
	Hlutfall af heildarfjölda (%)	26%	25%	25%	24%	23%	23%	22%	20%	19%	20%
Skútustaðahreppur	Breyting á milli ára (%)	-6%	2%	-4%	-4%	-16%	14%	-4%	1%	10%	0%
	Fjöldi (n)	87	89	85	82	69	79	76	77	85	85
	Hlutfall af heildarfjölda (%)	23%	23%	22%	22%	19%	20%	19%	18%	17%	17%
Tjörneshreppur	Breyting á milli ára (%)	-17%	20%	-33%	-50%	50%	67%	-40%	0%	33%	-25%
	Fjöldi (n)	5	6	4	2	3	5	3	3	4	3
	Hlutfall af heildarfjölda (%)	9%	11%	7%	4%	5%	8%	5%	5%	7%	5%
Þingeyjarsveit	Breyting á milli ára (%)	-5%	-3%	-5%	3%	-4%	2%	-5%	-11%	5%	-1%
	Fjöldi (n)	226	219	207	214	206	210	199	178	187	186
	Hlutfall af heildarfjölda (%)	24%	23%	23%	23%	22%	23%	22%	19%	19%	21%
Svalbarðshreppur	Breyting á milli ára (%)	0%	-14%	-16%	-10%	5%	15%	13%	-12%	-9%	0%
	Fjöldi (n)	29	25	21	19	20	23	26	23	21	21
	Hlutfall af heildarfjölda (%)	26%	24%	21%	19%	22%	23%	26%	24%	23%	23%
Langanesbyggð	Breyting á milli ára (%)	9%	-3%	5%	-1%	-1%	-10%	-4%	-13%	-11%	0%
	Fjöldi (n)	158	153	160	158	157	141	136	119	106	106
	Hlutfall af heildarfjölda (%)	30%	30%	31%	30%	30%	27%	27%	25%	22%	21%
Allt svæðið	Breyting á milli ára (%)	-4%	-4%	-3%	-2%	-5%	0%	-4%	-6%	1%	-1%
	Fjöldi (n)	1262	1217	1185	1160	1104	1105	1061	1001	1010	1001
	Hlutfall af heildarfjölda (%)	26%	25%	24%	24%	23%	23%	22%	20%	19%	20%

Helsti mælikvarði á frjósemi er fjöldi lifandi fæddra barna á ævi hvernar konu. Nýjustu tölur frá Hagstofu Íslands sýna að dregið hefur verulega úr frjósemi íslenskra kvenna en hún var 1,707 árið 2018 og hefur aldrei verið lægri. Í samanburði við það eignaðist hver kona rétt rúmlega fjögur börn árið 1960. Á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga hefur íbúum fjölgað um 3,20% síðastliðin tíu ár en á sama tíma hefur börnum fækkað um 20,68% á svæðinu. Þann 1. janúar 2019 voru börn hlutfallslega flest í Svalbarðshreppi, 23% af íbúum sveitarfélagsins. Börn voru aftur á móti hlutfallslega fæst í Tjörneshreppi en þar voru þau 5% íbúa. Í öllum sveitarfélögum hefur hlutfallslegur fjöldi barna lækkað undanfarin tíu ár, fækkunin var 9% í Langaneshreppi sem er mesta fækkunin á svæðinu en minnsta fækkunin var í Svalbarðshreppi og í Þingeyjarsveit þar sem hún var 3%. Litlar breytingar voru á hlutfallslegum fjölda barna á milli árána 2018-2019 óháð sveitarfélagi en þegar litið var á svæðið í heild sinni fjölgaði börnum hlutfallslega um 1% á síðasta ári. Fækkun barna frá árinu 2010 nemur 6%.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Íbúum í **Langanesbyggð** fjölgaði um 20 eða tæp 5% á milli árunna 2018 og 2019. Hlutfallsleg fjölgun kvenna var meiri en karla en konum fjölgaði um 6,07% á milli ára og eru nú 44,05% íbúa í Langanesbyggð. Körlum fjölgaði aftur á móti um 3,75% og eru 54,96% íbúa á svæðinu. Meðalaldur íbúa var 39 ár sem er sá sami og árið áður og einu ári yfir landsmeðaltali. Þegar aldursdreifing var borin saman árin 2015 og 2019 kom í ljós að línuleg leitni karla var nær óbreytt á meðan ungum konum virtist fækka töluvert á milli ára.

Íbúum í **Svalbarðshreppi** fækkaði um einn frá árinu áður og eru íbúar nú 91 talsins. Körlum fækkaði um þrjá en konum fjölgaði um tvær. Meðalaldur íbúa hækkaði um eitt ár og er nú 41 ár sem er hæsti meðalaldur í Svalbarðshreppi síðastliðin tíu ár. Aldursdreifing er nokkuð ójöfn og erfitt að álykta um hana með svo fáa íbúa.

Íbúum í **Norðurþingi** fækkaði um 192 eða tæp 6% á milli ára. Konum fjölgaði um níu á meðan körlum fækkaði um 201. Meðalaldur hélst óbreyttur og hefur nú verið 41 ár frá árinu 2016. Þegar aldursdreifing var borin saman árin 2015 og 2019 kom í ljós að línuleg leitni kvenna var nær óbreytt á meðan ungum körlum virtist fjölga á milli ára. Íbúum á aldrinum 25-29 ára fjölgaði mest á milli ára hjá körlum og konum, einnig var töluverð fjölgun hjá karlmönnum á aldrinum 35-39 ára og 60-64 ára. Á meðan fjölgar í þessum aldurshópum karla fækkaði í flestum öðrum.

Íbúum í **Tjörneshreppi** fækkaði um þrjá frá árinu 2018 og eru nú 55 talsins. Tjörneshreppur er annað af tveimur sveitarfélögum á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga þar sem konur eru í meirihluta íbúa. Meðalaldur er nokkuð yfir landsmeðaltali en hann hækkaði um tvö ár og er nú 58 ár eða 20 árum yfir landsmeðaltali. Aldursdreifing var mjög ójöfn en erfitt er að draga ályktanir út frá henni vegna fámennis í sveitarfélaginu.

Íbúum **Þingeyjarsveitar** fækkaði um 68 á milli ára eða um 7,07% og hafa ekki verið færri síðastliðin tíu ár. Á meðan karlmönnum fækkaði um 73 fjölgaði konum um 11 og þar að leiðandi var kynjahlutfall jafnara en árið á undan. Meðalaldur hélst óbreyttur í sveitarfélaginu og var 43 ár rétt eins og síðastliðin þrjú ár og ef litið er á aldursdreifingu virðist hún vera sambærileg árið 2015 og 2019 óháð kyni.

Íbúum í **Skútustaðahreppi** fjölgaði um níu á árinu en þeim hefur fjölgað jafnt og þétt frá árinu 2014. Kynjaskipting var mjög jöfn en karlmenn voru 250 talsins og konur 252. Sveitarfélagið er jafnframt það sveitarfélag þar sem meðalaldur er lægstur en hann var einu ári undir landsmeðaltali eða 37 ár. Hefur hann því lækkað mikið á einu ári eða úr 43

árum árið 2018. Þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar í samanburði við aldursdreifingu í sveitarfélaginu sést að fjölgun íbúa er mest meðal þeirra sem voru á aldrinum 20-34 ára. Þegar **svæðið er skoðað í heild sinni** kom í ljós að íbúum fækkaði um 232 eða 4,36%. Þrátt fyrir þessa fækkun er þetta næst hæsti íbúafjöldi á svæðinu síðastliðin tíu ár. Konum fjölgaði á svæðinu á meðan karlmönnum fækkaði. Meðalaldur lækkaði um tvö ár og var nú 41 ár. Þegar aldursdreifingin var skoðuð kom í ljós að karlmenn á aldrinum 20-39 voru töluvert fleiri árið 2015 en 2019 en meðan fjölgun var mest meðal kvenna á aldrinum 20-29 ára.

Byggðakjarnar og dreifbýli

Niðurstöður um fjölda íbúa í byggðakjörnum á svæðinu sýnir að íbúum á **Bakkafirði** fækkaði jafnt og þétt á tímabilinu 2015-2018 en fjölgaði svo á síðasta ári um fjóra og eru nú 69 talsins. Á síðastliðnum 10 árum hefur þeim fækkað um 8%. Þessi sama þróun sást þegar mannfjöldi í dreifbýli á svæðinu var skoðaður. Íbúum á **Þórshöfn** fjölgaði um 17 en íbúafjöldi hefur haldist nokkuð jafn á svæðinu undanfarin tíu ár bæði í þéttbýli og dreifbýli. Á **Raufarhöfn** fækkaði íbúum um tæp 10% og hafa þeir ekki verið færri frá árinu 2014. Síðastliðin tíu ár hefur íbúum fækkað þar um nær fjórðung eða 22,58%. Aftur á móti hefur íbúafjöldi í dreifbýli haldist nokkuð óbreyttur á tímabilinu en þar hafa verið búsettir minnst níu og mest 14 manns. Á **Kópaskeri** fækkaði um einn. Íbúum á Kópaskeri fjölgaði um tæp 9% á milli 2017 og 2018. Undanfarin tíu ár hefur þeim fækkað um tæp 4% sem er hlutfallslega minnsta fækkun íbúa í byggðarkjarna austan Húsavíkur. Rétt eins og á **Raufarhöfn** hélst íbúafjöldi í dreifbýli nokkuð óbreyttur undanfarin tíu ár. Íbúum á **Húsavík** hélt áfram að fjölga en fjölgunin nam 0,69%. Síðastliðin tíu ár hefur íbúum á Húsavík fjölgað um 4,22%. Þegar litið var á mannfjölda eftir pósthúmerunum 640 og 641 var þróun mannfjölda sambærileg í þéttbýli og dreifbýli. Á **Laugum** fjölgaði íbúum um 5,5% eða sex íbúa. Litlar breytingar hafa verið á íbúafjölda undanfarin tíu ár. Íbúum í þéttbýli virðist þó vera að fjölga á meðan íbúum í dreifbýli fækkar lítillega. Íbúum í **Reykjahlíð** fjölgaði um tvo en þeim hefur fjölgað um 17,6% frá árinu 2010 sem er mesta fjölgun í byggðakjörnum á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga. Þessi fjölgun átti sér einnig stað í sveitunum í kring.

Börn og ungmenni 0-18 ára

Börn hafa ekki verið færri á starfssvæði Þekkingarnetsins á tímabilinu sem skoðað er hér að framan. Þau voru aðeins 1001 þann 1. janúar 2019. Flest voru þau 1265 árið 2010. Fækkunin er því umtalsvert á undanförunum áratug. Sjá má jákvæði teikn á lofti á síðustu 2 árum þar sem t.d. leikskólabörnum tók að fjölga aftur árið 2018 og að fjöldi barna á grunnskólaaldri var óbreyttur á milli áranna 2018 og 2019.

HEIMILDIR

Hagstofa Íslands (2015). Mannfjöldi 1. janúar 2019. Sótt á hagstofan.is í júní 2019.